

## FUNDARGERÐ

247. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 25. október og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir, Mördur Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Marta Guðrún Jóhannesdóttir, í fjarveru Jóns Ólafssonar og sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Bragi Reynisson yfirmaður tæknisviðs og Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 246. stjórnarfundar var borinn upp og var samþykkt.

### 2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í september sl. Tekjur í mánuðnum voru betri en gert hafði ráð fyrir, rekstrarkostnaður samkvæmt var áætlun en fjármagnsliðir lítillga yfir áætlun. Í heildina var afkoman í mánuðnum betri en áætlað hafði verið um 18,5 m.kr. Á fyrstu níu mánuðum ársins voru tekjur og rekstrarkostnaður yfir áætlun og fjármagnsliðir yfir áætlun vegna verðbólgu. Afkoman eftir níu mánuði var jákvæð um 8,3 m.kr.

Staða sýningarrétta sem RÚV hafi tryggt sér var í lok september var óvenju há, þar sem keyptir hafa verið margir sýningarréttir að undanförunu og koma til sýninga í vetur. Því mun eignfærðum sýningarréttum fækka þegar líða fer á veturinn.

Þá var kynnt staða fjárfestinga í rekstrarfjármunum en þær séu í samræmi við fjárfestingaáætlun. Helstu fjárfestingar á árinu séu í öryggiskerfum, innri kerfum, framleiðslubúnaði og vef.

Samkvæmt þjónustusamningi sé lögð skylda á RÚV að kaupa efni af sjálfstæðum framleiðendum að lágmarki fyrir 585 m.kr. á árinu. Allt bendi til þess að það gangi eftir.

Vinna við fjárhagsáætlun RÚV fyrir næsta ár sé í fullum gangi og stefnt sé að því að leggja drög að rekstar- og fjárfestingaáætlun fyrir stjórn til kynningar á næsta fundi í lok nóvember.

### 3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri kynnti framtíð útvarpsöryggissendinga RÚV og niðurstöðu starfshóps í því sambandi. Langbylgjan sé úrelt þar sem viðtökubúnaður sé ekki aðgengilegur, tæknin sé á útleið, notendur séu fáir, mikill kostnaður fari í rekstur og stofnbúnaður gamall og þarfnast endurnýjunar sem kosti að lágmarki 1,5 milljarð króna. FM útsendingarkerfi sé nú þegar til staðar, viðtökubúnaður útbreiddur og tæknin þekkt meðal notenda. Undanfarnin ár hafi innviðir FM útsendinga verið styrktir, kostnaður við slíka uppbyggingu hafi minnkað og tilkoma farsímanetskerfa hafi aukið þá uppbyggingarmöguleika. Það sé niðurstaða starfshópsins og RÚV að útvarpsöryggissendingar verði eingöngu á FM sendum Rásar 2 og landbylgjan verði aflögð í skrefum.

Útvarpsstjóri átti fund með menningar- og viðskiptaráðherra 11. október sl. Rætt var um LSR lán og möguleg næstu skref, útvarpsöryggissendingar og samstarfsverkefni sem tengist Eurovision.

Farið var yfir yfirlit yfir stöðu verkefna samkvæmt þjónustusamningi.

Þá var yfir nýjan vef ruv.is. Nýtt vefumsjónarkerfi muni skila bættri notendaupplifun, stórbættu aðgengi og áhersla á snjalltæki. Framleiðsla efnis muni verða einfaldari og sjálfvirkari. Bætt ritstýring muni skila

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including the letters 'MT', 'DAR', 'KTH', 'SDG', and 'JÓ'.

auknum gæðum við vinnslu og útgáfustýringu efnis. Nýtt vefumsjónarkerfi sé mikilvæg aðgerð í tengslum við nýja stefnu RÚV.

#### 4. Kynning frá fréttastofu

Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri kynnti starfsemi fréttastofu og Bragi Reynisson yfirmaður tæknisviðs kynnti starfsemi tæknisviðs.

#### 5. Önnur mál

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn að Ingvar Smári hafi tekið við starfi aðstoðarmanns dómsmálaráðherra. Um störf hans gilda m.a. hin nýlegu lög nr. 64/2020 um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands. Hann hafi farið yfir málið með forsætisráðuneytinu og helstu lögspekingar þar séu þeirrar skoðanir að aðstoðarmönnum ráðherra sé óheimilt að sinna aukastörfum sem eru í eðli sínu viðvarandi og falla stjórnarsetur þar undir. Af þeim sökum hafi hann óskað þess að víkja úr stjórninni á meðan hann sinni tímabundnu starfi aðstoðarmanns ráðherra. Hann hafi afsalað stjórnarlaunum hér eftir og mun varamaður hans, Sigurður Helgi Birgisson, taka sæti í stjórninni.

Fundi slitið.



~~Nanna Þrángsdóttir~~

Silja D. Gunnarsdóttir

Diljá Árnúttadóttir. 2022A

Tangröf Truggvadóttir

Sæt: Jón Ólafur  
fráun Oskeesen

Sigurður H. Birgisson

SEÐ VALGEM VILHJAN